



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 10. mars 2017

R17030101

DH

Skrifstofa borgarstjórnar
b/t Helgu Bjarkar Laxdal, skrifstofustjóra

Tillaga um að kanna möguleika á því að halda íbúakosningu samhliða almennum kosningum.

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 6. mars 2017 fór fram umræða um tillögu Framsóknar og flugvallarvina um að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða borgarstjórnarkosningum árið 2018, sbr. 5. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 23. janúar 2017. Á fundinum var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að vísa málinu til skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar. Er óskað eftir því að í umsögninni komi fram sundurliðun á kostnaðarmati vegna stakra íbúakosninga annars vegar og kosninga samhliða sveitarstjórnarkosningum hins vegar.

Fyrir hönd stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er tillögu þessari vísað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Er þess jafnframt óskað að þessar niðurstöður skrifstofu borgarstjórnar verði kynntar fyrir stjórnkerfis og lýðræðisráði þegar þær liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Dagbjört Hákonardóttir
e.u